

## Áhrif virðisaukaskattsbreytinga á matvæli

Í tilefni af umræðu um áhrif hækkunar virðisaukaskatts á matvæli úr 7% í 12%, eins og boðað er í nýju fjárlagafrumvarpi, hefur Rannsóknasetur verslunarinnar reiknað út hver útgjaldaaukning heimilanna verður eftir tekjuhópum.

Niðurstaðan er að lítil munur er á hlutfalli (%) heildarútgjalda til matarkaupa eftir tekjuhópum, 14,7% af heildarútgjöldum tekjulægsta hópsins og 14,5% af heildarútgjöldum tekjuhæsta hópsins. Þá kemur fram að tekjulægsti hópurinn mun greiða 33.385 kr. meira á ári fyrir matarinnkaupin eftir hækkun virðisaukaskattsins en tekjuhæsti hópurinn greiðir 52.756 kr. meira vegna hækkunar á skattinum. Mismunurinn á útgjöldum hæsta- og lægsta tekjuhópsins er því 19.371 kr. á ári, eða 3.490 kr. á mánuði. Meðaltalshækkun á útgjöldum hvers heimilis verða samkvæmt þessu 41.882 kr. á ári, eins og kemur fram í töflunni hér að neðan.

Útreikningurinn byggir á upplýsingum úr neyslukönnun Hagstofunnar 2011-2012. Allar upphæðir hafa verið leiðréttar fyrir verðlagsbreytingum og eru á verðlagi dagsins í dag.

Tekjufjórðungur	Útgjöld til matar og drykkjarvöru á ári	Hlutfall matv. af heildarútgjöldum	Aukning VSK við breytingu
1. fjórðungur	714.441 kr.	14,7%	33.385 kr.
2. fjórðungur	828.058 kr.	15,3%	38.694 kr.
3. fjórðungur	914.338 kr.	15,1%	42.726 kr.
4. fjórðungur	1.128.970 kr.	14,5%	52.756 kr.
<b>Alls</b>	<b>896.277 kr.</b>	<b>14,9%</b>	<b>41.882 kr.</b>

## Umframhækkunir í skjóli VSK breytinga

Þá hefur í umræðu undanfarið verið rætt um hættuna á því að stjórnendur verslana noti tækifærið og hækki álagningu aukalega í skjóli ofangreindar hækkunar á virðisaukaskatti. Sambærileg umræða var áberandi í aðdraganda lækkunar á virðisaukaskatti á matvæli 2007: Að virðisaukaskattslækkunin myndu ekki skila sér til neytenda heldur lenda í vasa kaupmanna sem myndu hirða mismuninn.

Rétt er að rifja upp í því sambandi að Hagstofa Íslands fylgdist sérstaklega með því hvort verðlækkunir skiluðu sér til neytenda. Sú varð raunin eins og kemur fram í minnisblaði frá Hagstofunni frá 12. mars 2007. Þar segir: „Í áætlun Hagstofunnar í janúar var gert ráð fyrir að verð á mat og drykkjarvörum myndi lækka um 7,5% (vísitöluáhrif 1,02%) vegna lækkunar á virðisaukaskatti. Lækkunin milli febrúar og mars reyndist 7,4% (1,01%) og má því segja að lækkunin hafi nánast öll skilað sér.“

[Sjá minnisblað Hagstofunnar...](#)